

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 7. maí 2009 í máli nr. E-11620/2008:

AFL Starfsgreinafélag

(Ástráður Haraldsson hrl.)

gegn

Landsvaka hf.

(Stefán Geir Þórisson hrl.)

Landsbanka Íslands hf.

(Hlynur Jónsson hdl.)

Mál þetta sem tekið var til úrskurðar um frávísunarkröfur stefndu 16. apríl 2009 var þingfest þann 11. desember 2008.

Stefnandi er Afl, starfsgreinafélag, Egilsbraut 11, Neskaupstað. Stefndu eru Landsvaki hf., Hafnarstræti 5, Reykjavík og Landsbanki Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru að viðurkennd verði skylda stefndu til að láta stefnanda í té sundurliðað yfirlit eigna peningamarkaðssjóða Landsbanka Íslands hf. yfir tímabilið frá 1. september 2008 til 28. október 2008. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndu krefjast aðallega að málinu verði vísað frá dómi og er einungis sá þáttur málsins til úrlausnar nú. Stefndu krefjast einnig málskostnaðar.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfum stefndu verði hafnað og krefst málskostnaðar í þessum þætti málsins.

I.

Stefnandi, sem er verkalýðsfélag með ríflega 9000 félagsmenn og stefndi Landsbanki Íslands hf., sem þá var móðurfélag stefnda Landsvaka hf., gerðu hinn 4. júlí 2005 með sér samkomulag um eignastýringu sjúkrasjóðs stefnanda, sem stofnaður hafði verið í samræmi við samninga stefnanda og viðsemjenda hans og 7.

gr. laga 19/1979. Samkomulagið ásamt viðaukum liggur frammi í málinu, en samkvæmt því skyldu stefndu veita stefnanda ráðgjöf vegna viðskipta með fjármálagerninga, annast vörslu fjármuna og eignastýringu og hafði forstöðumaður eignastýringar hjá stefnda Landsbanka fengið fullt og ótakmarkað umboð til þess að kaupa verðbréf í nafni stefnanda fyrir þá fjármuni sem stefnandi afhenti stefndu og sérstök fjárfestingarstefna gerð sem hluti af samkomulagi aðila. Í viðauka við samkomulagið var fjallað sérstaklega um upplýsingagjöf og kveðið á um að stefndu skyldu ársfjórðungslega láta stefnanda í té upplýsingar um fjárfestingar og ávöxtun. Þá var sérstaklega kveðið á um skyldu stefndu til að láta stjórn sjóðsins og öðrum í té allar nauðsynlegar upplýsingar sem óskað væri eftir og í því formi sem óskað væri eftir og innan þeirra tímamarka sem eðlilegt mætti teljast. Í samningnum er einnig fjallað um margvíslegar áhættur sem fylgi verðbréfavíðskiptum og að stefnandi geri sér grein fyrir þeim og að stefnandi beri einn ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum.

Í kjölfar setningar laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármáلامarkaði o.fl. var lokað fyrir allar innlausnir úr peningamarkaðssjóðum stefndu. Þann 9. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbanka Íslands hf. (nú NBI hf.), á grundvelli heimildar í 5. gr. laga nr. 125/2008. Fjármálaeftirlitið gaf síðan út tilmæli um að öllum peningamarkaðssjóðum yrði slitið og sjóðfélögum greiddar út eignir sínar í formi innlána. Útgreiðsluhlutfall sjóða stefndu var 60-74,1% og óskaði stefnandi eftir því í kjölfar útborgunar að upplýst yrði um samsetningu sjóðanna og vörslur þeirra. Fékk hann þá send yfirlit frá 1. janúar 2008 til 30. september 2008, sem liggja frammi í málinu. Stefnandi taldi það ekki fullnægjandi þar sem yfirlitin gæfu hvorki tæmandi né sundurgreinanlegar upplýsingar um eignasamsetningu sjóðanna við lokun þeirra og viðskipti síðustu vikunnar fyrir hrun. Af hálfu stefnda Landsvaka var því hafnað að veita frekari upplýsingar og m.a. vísað til þess að umbeðnar upplýsingar væru undanþegnar upplýsingaskyldu hans.

II.

Stefndu byggja kröfu sína um frávísun málsins á því að kröfugerð stefnanda fái ekki staðist ákvæði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í d-lið 1. mgr. 80. gr. laganna segi að í stefnu skuli greina svo glögggt sem verða megi dómkröfur stefnanda, svo sem viðurkenningu á tilteknum réttindum. Krafa stefnanda um að honum verði látið í té sundurliðað yfirlit eigna á tilteknu tímabili sé ekki nægilega afmörkuð til að geta talist uppfylla kröfur ákvæðisins. Þá sé í kröfugerð stefnanda um að ræða öflun sönnunargagna sem lúti öðrum lögmálum og verði ekki höfð uppi sem kröfugerð í dómsmáli. Við munnlegan flutning málsins kom fram af hálfu stefndu að ómögulegt væri fyrir stefndu að verða við dómkröfum stefnanda, enda óljóst hvað verið sé að biðja um og sé krafan þannig ekki í samræmi við meginregluna um ákveðna og ljósa kröfugerð sem væri hægt að taka óbreytta upp í dómsorð. Þá sé stefnandi með kröfu sinni að afla sönnunargagna til að nota í dómsmáli, en í lögum 91/1991 séu sérstakar reglur um hvernig það skuli gert, meðal annars sé hægt að höfða sérstakt matsmál og dómkvaddir matsmenn hafi úrræði til að afla gagna vegna mats, sbr. 77. gr. laganna.

III.

Af hálfu stefnanda kom fram við munnlegan flutning málsins að það sé ástæða þess að kröfugerð hans er ekki skýrari, að hann hafi ekki þær upplýsingar sem til þurfi. Stefndu einir viti í hvaða formi þær upplýsingar séu sem óskað sé eftir og nauðsynlegar séu stefnanda til að hann geti lagt mat á hvort farið hafi verið að lögum og samningum við umsjón og uppgjör sjóða stefndu.

IV.

Í máli þessu krefst stefnandi þess að viðurkennd verði skylda stefndu til að láta stefnanda í té sundurliðað yfirlit eigna peningamarkaðssjóða stefnda Landsbanka Íslands hf. yfir tímabilið frá 1. september 2008 til 28. október 2008. Telur stefnandi sig þurfa frekari upplýsingar en þær sem hann hefur fengið frá stefndu, væntanlega til þess að meta hvort hafðar verði uppi kröfur á hendur stefndu vegna rýrnunar fjármuna stefnanda í vörslum þeirra. Stefnandi hefur fengið, og lagt fram í málinu, nokkur yfirlit frá stefnda, yfirlit um heildarsafn stefnanda, ávöxtun á árinu 2008 fram til 30. september, bæði hlutfallslega og í krónum, skiptingu í eignaflokka og sundurliðun innan hvers eignaflokks, hreyfingayfirlit frá 1. janúar til 30. september 2008 og lista yfir móttökur og afhendingar á peningum á sama tímabili. Að því er fram kemur í málinu hafa ekki fengist frekari upplýsingar um eignir sjóðanna.

Ekki verður hjá því komist að fallast á það með stefndu, að dómkrafa stefnanda er nokkuð almennt orðuð og ekki skýrt afmörkuð. Þannig liggur ekki fyrir hvaða skjöl það eru sem verið er að biðja um að viðurkennt verði að stefndu beri að láta stefnanda í té, eða hvort yfirlitt eru til staðar einhver þau skjöl í fórum stefndu, sem gætu uppfyllt þá kröfu sem sett er fram. Eru því ekki talin uppfyllt skilyrði dliðs 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um skýrleika dómkröfunnar, auk þess sem vafi leikur á því hvernig uppfyllt yrði skylda stefndu sem viðurkennd yrði í dómsorði á grundvelli dómkröfunnar, án þess að eitthvað fleiri kæmi til því til fyllingar, en samkvæmt meginreglu 4. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 verður slíkt að teljast óheimilt. Verður það ekki talið breyta þessari niðurstöðu málsins, að fallast megi að nokkru leyti á þau sjónarmið stefnanda að hann hafi ekki haft nægar upplýsingar til að hafa kröfugerð sína skýrari. Einnig kemur hér til álita sú röksemd stefndu að stefnanda séu aðrar leiðir færar til að afla gagna þeirra sem hann telur sig vanta, en af hálfu stefndu var vísað til II. þáttar laga nr. 91/1991, m.a. 77. gr. þeirra um sérstaka dómkvaðningu matsmanna til að staðreyna kröfu eða sanna atvik að baki henni, án þess að mál hafi verið höfðað.

Í ljósi framangreinds og allra atvika málsins verður því ekki hjá því komist að vísa því frá dómi. Eins og málinu öllu er háttað þykir eðlilegt að hver aðili um sig beri kostnað sinn af málinu.

Anna M. Karlsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp úrskurðinn.

ÚRSKURÐARORÐ:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Anna M. Karlsdóttir